

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
101 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. nóvember 2018

Tilvísun: 2018101476BS/--

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um viðbót við umsögn stofnunarinnar, dags. 9. nóvember 2018, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (pskj. 77, 77. mál á 149. löggjafarþingi). Nánar tiltekið er óskað umsagnar í tengslum við það atriði að í 2. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 9. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, er ekki gert ráð fyrir samþykki einstaklings fyrir þeirri upplýsingaöflun sem þar um ræðir.

Tekið skal fram í þessu sambandi að í ljósi grunnreglunnar um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins telur Persónuvernd samþykki mikilvægan grundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt telur stofnunin hins vegar að í ákveðnum tilvikum eigi samþykki ekki við sem vinnsluheimild. Í umræddri frumvarpstillögu er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í því skyni að innheimta greiðslur sem meðlagsgreiðendum er skylt að inna af hendi í þágu framfærslu barna sinna. Við slíkar aðstæður má telja eðlilegt að upplýsingasöfnun styðjist við skýra lagaheimild fremur en samþykki hlutaðeigandi einstaklings.

Að öðru leyti áréttar Persónuvernd það sem fram kemur um umrætt ákvæði í fyrri umsögn, þ. á m. mikilvægi þess að gætt sé meðalhófs við söfnun persónuupplýsinga.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Valborg Steingrimsdóttir